

Alþingi
Erindi nr. P 143/406
komudagur 27.11.2013

Nefndasvið Alþingis
Bt. Allsherjar- og menntamálanefndar
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 26. nóvember 2013

Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna flutnings verkefna frá innanríkisráðuneytinu til sýslumannsembætta og annarra embætta og stofnana. Þingskjal 192 - 161. mál. (Lagt fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi 2013–2014.)

Stjórn og laganefnd Lögmannafélags Íslands hafa farið yfir þær breytingar sem lagt er til að gerðar verði á lögum nr. 77/1998 um lögmennt með 19. gr. og 20. gr ofangreinds frumvarps og gera eftirfarandi athugasemdir við efni þeirra:

Með breytingartillögunni er m.a. lagt til að veitingar- og niðurfellingarvald málflutningsréttinda verði fært frá innanríkisráðherra til lægra setts stjórnvalds, þ.e. sýslumanna. Lögmannafélagið telur að með þessu sé algerlega horft framhjá þeirri staðreynd að lögmennt eru hluti af réttarvörslukerfinu og telur því eðlilegt að veitingarvaldið sé í höndum innanríkisráðherra með sama hætti og skipun dómara, saksóknara, ríkislögmanns o.s.frv.

Í greinargerð með frumvarpinu segir m.a. að ákvarðanir sýslumanna séu kærnanlegar til innanríkisráðuneytisins og því verði hægt að fá endurskoðun á ákvörðunum sýslumanna. Jafnframt segir að þetta sé til þess fallið að auka réttaröryggi í þessum málaflokki. Lögmannafélagið setur spurningamerki við þessa fullyrðingu, sérstaklega í þeim tilvikum þar sem stjórn félagsins þarf að leggja til niðurfellingu málflutningsréttinda lögmanns í kjölfar þess að hann uppfyllir ekki lengur skilyrði lögmannalaga fyrir handhöfn réttindanna. Sama gildir um þau tilvik þar sem úrskurðarnefnd lögmannna hefur komist að þeirri niðurstöðu að brot lögmanns verði niðurfellingu málflutningsréttinda, annað hvort tímabundið eða ótímabundið. Ekki verður séð að réttaröryggi aukist, geti lögmaður, sem ekki uppfyllir skilyrði lögmannalaga að mati Lögmannafélagsins eða hefur brotið alvarlega gegn lögum eða siðareglum að mati úrskurðarnefndar, haldið réttindum sínum virkum mánuðum saman á meðan ráðherra tekur afstöðu til kærnumáls og kemst að þeirri niðurstöðu að beiðni um niðurfellingu hafi verið réttmæt. Gæti ríkið í þessum tilvikum hugsanlega orðið bótaskyldt gagnvart skjólstæðingi lögmannsins vegna tjóns sem hann hefur orðið fyrir.

Hafa ber í huga Lögmannafélagið hefur á grundvelli lögmannalaga nr. 77/1998, umfangsmikið eftirlit með störfum lögmannna og skilyrðum fyrir handhöfn málflutningsréttinda. Sama er að segja um úrskurðarnefnd lögmannna sem fer með agavald gagnvart lögmonnum á grundvelli sömu laga. Í samskiptum sínum við lögmennt eru Lögmannafélagið og úrskurðarnefnd lögmannna bundin af stjórnarsýslulögum. Sama á við um afgreiðslu innanríkisráðuneytisins á sömu málum. Slíkt ætti því að vera nægjanleg trygging fyrir vandaðri og réttlátri málsmeðferð og tryggja réttaröryggi þeirra lögmannna sem hlut eiga að máli, eða eftir atvikum borgaranna. Þá má minna á að endanlegri niðurstöðu innanríkisráðuneytisins varðandi mál sem varða málflutningsréttindi má skjóta til umboðsmanns Alþingis eða bera undir dómstóla. Sú tillaga sem frumvarpið felur í sér, þ.e. að afgreiðsla þessara mála verði framvegis í höndum sýslumanna í stað innanríkisráðuneytisins, en séu kærnanleg til ráðuneytisins, gerir lítið annað en að tefja af-

greiðslu þessara mála, sem aftur getur haft umtalsverðar afleiðingar fyrir almenning. Með því er því alls ekki verið að tryggja almannahagsmuni.

Þær heimildir sem til staðar eru til niðurfellingar málflytningsréttinda eru fyrst og fremst settar með hagsmuni almennings að leiðarljósi. Þeim er m.a. ætlað að tryggja að lögmenn, sem ekki eru með virka starfsábyrgðartryggingu eða geta ekki lagt fram staðfestingu lögilts endurskoðanda þess efnis að fjármunir skjólstæðinga þeirra séu aðgreindir fjármunum lögmannsins, séu ekki með virk réttindi. Sama á við þegar úrskurðarnefnd lögmanna gerir tillögu til ráðherra um niðurfellingu málflytningsréttinda vegna brota lögmanns. Slíkt er aðeins gert vegna alvarlegra eða ítrekaðara brota lögmanns á lögum og/eða siðareglum, þar sem ekki er talið forsvaranlegt að hann sé handhafi málflytningsréttinda eða sinni hagsmunagæslu fyrir skjólstæðinga sína. Hér eru því ríkir almannahagsmunir að baki.

Þá leyfir Lögmannafélagið sér að benda á að hvergi kemur fram í umræddum greinum frumvarpsins til hvaða embættis beri að snúa sér með mál, t.d. beiðni um niðurfellingu, þ.e. þess embættis sem gaf út réttindin eða embættis í því umdæmi sem hlutaðeigandi lögmaður starfar. Er kannski hægt að velja embætti? Reyndar er í 20. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir að innanríkisráðherra geti falið einu sýslumannsembætti að sjá um þessi verkefni, en hér er einvörðungu um heimildarákvæði að ræða, auk þess sem þetta felur væntanlega í sér að ráðherra geti ákveðið að fela einhverju af smærri sýslumannsembættum landsins að sinna þessum málaflökki, telji hann það embætti skorta verkefni, þó svo fyrir liggir að nær öll leyfi sem gefin eru út eða felld eru niður, varða aðila sem búsettir eru á höfuðborgarsvæðinu.

Með vísan til þess sem að framan er rakið telja stjórn og laganefnd Lögmannafélags Íslands þær breytingar sem lagt er til að gerðar verði á lögum nr. 77/1998 með 19. gr. og 20. gr. frumvarpsins, varhugaverðar og síst til þess fallnar að auka réttaröryggi. Leggst félagið því alfarið gegn þessum breytingum.

Lögmannafélag Íslands óskar eftir því að fulltrúi félagsins fái að koma fyrir allsherjar- og menntamálanefnd til að skýra sjónarmið félagsins.

Virðingarfyllst,

F.h. stjórnar Lögmannafélags Íslands.

F.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands.

Jónas Þór Guðmundsson, hrl., formaður.

Reimar Pétursson, hrl., formaður.